

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 388/1995, um Kvikmyndaskoðun, með síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 4. gr. orðist svo:

Einn eða tveir fulltrúar sem skipaðir hafa verið af menntamálaráðherra í Kvikmynda-
skoðun skulu skoða hverja kvikmynd. Forstöðumaður Kvikmyndaskoðunar metur það í
hverju tilviki hvort einn eða tveir skoðunarmenn skoði kvikmynd. Greini skoðunarmenn á um
mat á kvikmynd getur forstöðumaður kvatt hinn þriðja til og ræður þá meirihluti skoðunar-
manna.

2. gr.

6. gr. orðist svo:

Fyrir skoðun kvikmynda á myndböndum skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkis-
sjóð, kr. 9.300. Gjald þetta greiðist fyrir hverja skoðun og merkingu allt að 150 eintaka af
hverri kvikmynd. Gjaldið hækkar sem nemur kr. 2,50 fyrir hvern merkimiða umfram þann
fjölda.

Fyrir skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsi skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkis-
sjóð, kr. 18.500. Fari skoðun fram utan venjulegs dagvinnutíma skal greiða eitt og hálf gjald
fyrir skoðun og tvöfalt gjald fari skoðun fram að nóttu til eða um helgi.

Fyrir skoðun kvikmynda sem eingöngu eru til sýningar á kvikmyndahátíðum og falla
ekki undir 1. og 2. mgr., skulu skoðunarbeiðendur greiða gjald í ríkissjóð, kr. 8.000. Fari
skoðun fram utan venjulegs dagvinnutíma skal greiða eitt og hálf gjald fyrir skoðun og
tvöfalt gjald fari skoðun fram að nóttu til eða um helgi.

Fjárhæðir skv. 1., 2. og 3. mgr. eru miðaðar við vísitölu neysluverðs í október 2001
(216,3 stig) og taka breytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs í janúar, apríl,
júlí og október ár hvert.

Nú hefur kvikmynd, sem dreifa skal til almennings á myndbandi, áður verið skoðuð í
kvikmyndahúsi skv. 2. mgr., og þarf þá skoðunarbeiðandi ekki að greiða fyrir skoðun og
skráningu kvikmyndarinnar skv. 1. mgr. Í þessum tilvikum er forstöðumanni Kvikmynda-
skoðunar heimilt að meta svo að skoðun á kvikmynd í kvikmyndahúsi sé fullnægjandi og eigi
þurfi að skoða kvikmynd síðar á myndbandi.

Fyrir endurmat á sýningarhæfni kvikmyndar skv. 3. mgr. 2. gr. skal ekki greiða
skoðunargjald.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. gr., sbr. 12. gr. laga nr. 47/1995, um skoðun
kvikmynda og bann við ofbeldiskvikmyndum, og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 15. nóvember 2001.

Björn Bjarnason.

Örlygur Geirsson.